

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 6

Dags. 25.10.2011

Fundargerð brunavarnanefndar 25.10.2011

Sjötti fundur í sameiginlegri brunavarnanefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum þann 25. október 2011 kl.16:30.

Mætt voru: Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri, Arnór Benónýsson formaður, Hólmgeir Hallgrímsson og Þórunn Jónsdóttir.

1. Slökkviliðsstjóri sagði frá stöðu samninga sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar við Vátryggingafélag Íslands um bætur vegna tjóns af völdum ósóns í slökkvistöð á Laugum. Honum er falið að vinna áfram að málinu í samráði við sveitarstjóra Þingeyjarsveitar.
2. Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir skýrslu sinni um eldsvoða að Birkifelli á Laugum.
3. Formaður gerði grein fyrir ýmsum atriðum við gerð fjárhagsáætlunar. Honum er falið að vinna að einföldun fjárhagsáætlunargerðar með fjármálastjóra Þingeyjarsveitar.
4. Önnur mál: Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir mögulegu samstarfi við Slökkvilið Akureyrar vegna Vaðlaheiðarganga og kynnisferð hans og slökkviliðsstjóra Akureyrarbæjar til Siglufjarðar, þar sem þeir kynntu sér reynslu Fjallabyggðar af samstarfi við Vegagerð ríkisins vegna jarðgangagerðar.

Næsti fundur er fyrirhugaður þann 15. nóvember.
Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 19:00

Þórunn Jónsdóttir